

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 275/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gísla Ágústssyni

(Jón Magnússon hrl.).

Líkamsárás. Skaðabætur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er sakarmat hans staðfest. Samkvæmt vottorði Sæbjörns Guðmundssonar tannlæknis brotnaði úr tönn Guðrúnar Sigríðar Hauksdóttur, en tönn þessi hélt „brú“ á framtannasvæði. Tönnina þurfti hins vegar ekki að draga burt. Með hliðsjón af þessu og miðað við aðra áverka Guðrúnar Sigríðar þykir rétt að heimfæra brot ákærða undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, sem heimilt er að beita hér, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda hana alla í þrjú ár.

Í hinum áfrýjaða dómi var ákærði dæmdur til að greiða Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur 243.140 krónur í skaðabætur auk vaxta. Miðað við niðurstöður héraðsdómara varðandi einstaka kröfuliði ættu heildarbætur að nema 244.140 krónum. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti verjandi ákærða því yfir, að ákærði yndi niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu skaðabóta með leiðréttingu á ofangreindri samlagningarskekkju. Samkvæmt því verður hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og vaxta, eins og nánar greinir í dómsorði.

Staðfest er sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, og jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Aðfinnsluverður dráttur varð á lögreglurannsókn máls þessa. Stutt skýrsla var tekin af ákærða 6. nóvember 1990, en engar skýrslur voru síðan teknar fyrr en 9. janúar 1992, og kærandi var fyrst yfirheyrður 19. febrúar 1992.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Gísli Ágústsson, sæti varðhaldi 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur 244.140 krónur ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 6. nóvember 1990 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. júní 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 3. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 254/1992: Ákærvaldið gegn Gísla Ágústssyni, sem tekið var til dóms 19. maí sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 1. apríl sl., á hendur ákærða, „Gísla Ágústssyni, Kaldaseli 15, Reykjavík, fæddum 19. maí 1964, fæðingarnúmer 436, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 6. nóvember 1990 slegið Guðrúnu Hauksdóttur, kt. 120769-3839, hnefahögg í andlitið í anddyri veitingahússins Gauks á Stöng, Tryggvagötu 22, Reykjavík, með þeim afleiðingum, að Guðrún hlaut bólgu á nefi, sprungu innanvert á vör og brot á framtönn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Kl. 1.13 aðfaranótt þriðjudagsins 6. nóvember 1990 var lögreglan í Reykjavík kvödd á veitingahúsið Gauk á Stöng vegna líkamsárásar. Samkvæmt skýrslu Guðna Péturssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, hitti lögreglan fyrir á vettvangi stúlku, Guðrúnu Hauksdóttur að nafni. Var hún mjög blóðug í framan og með blóðrennsli úr nefi og munni. Benti hún lögreglumönnum á ákærða, Gísla Ágústsson, þar sem hann sat í anddyrinu við inngang veitingahússins, og kvað hann hafa slegið sig fyrirvaralaust í andlitið með þeim afleiðingum, sem sjá mætti. Kvaðst Guðrún ekkert þekkja ákærða eða vita nein deili á honum.

Í lögregluskýrslunni kemur fram, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður og hafi aðspurður viðurkennt verknadinn, en ekki gefið skýringu á honum.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá lögreglu að morgni sama dags. Ákærði kvaðst hafa hitt stúlku, sem hann þekkti ekki, í veitingahúsinu. Hefði sér og stúlkunni orðið sundurorða og ákærði slegið hana með handarbaki og höggið komið í andlit henni, nánar tiltekið á nef. Hefði stúlkann fengið smáblóðnasir, en ákærði ekki séð aðra áverka á henni.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu 9. janúar sl. kvað ákærði rétt vera, að hann hefði slegið nefnda stúlku í andlit, en það hefði verið vegna þess, að hún hefði svívirt sig í orði algerlega að ástæðulausu.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að er hann hafi verið að fara af veitingahúsinu og verið staddur í anddyri þess, hafi umrædd stúlka sakað sig um að hafa stolið áfengisglasi. Það hafi ákærði alls ekki kannast við og bent henni á, að hann væri með sitt glas. Hafi ákærða sárnað mjög við þetta og slegið stúlkuna í andlit með handarbaki og ýtt henni frá sér um leið. Minnir ákærða, að blætt hafi úr annaðhvort vör eða nefi stúlkunnar eftir þetta. Kannast ákærði ekki við að hafa átt orðastað við stúlkuna fyrr um kvöldið.

Vitnið Guðrún Sigríður Hauksdóttir, Víkurási 2, Reykjavík, kveðst hafa farið á veitingahúsið Gauk á Stöng rétt eftir miðnætti aðfaranætur 6. nóvember 1990. Skömmu fyrir lokun hafi vitnið setið við borð þar ásamt unnusta sínum. Hafi ákærða, sem hafi verið mjög áberandi ölvaður, þá borið þar að og hann farið að slá vitninu gullhamra. Hafi vitnið leitt þessa gullhamra algerlega hjá sér og bent ákærða á, að unnusti sinn væri hér með sér. Ákærði hafi brugðist illa við þessu og kallað vitnið öllum illum nöfnum. Er vitnið hafi verið að hverfa af staðnum, hafi verið tekið í öxl þess eða verið kallað á það og vitnið snúið sér við af því tilefni. Hafi það þá fengið bylmingshögg beint framan á munninn. Kveðst vitnið hafa fallið í gólfíð, en ekki rotast. Hafi vitnið orðið út atað í blóði. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hver veitti því höggið, en gert sér strax grein fyrir því, að það var ákærði, þar sem hann var í vörslu dyravarða þegar eftir atburðinn.

Kveður vitnið árásina hafa komið sér gjörsamlega í opna skjöldu og hún verið með öllu tilefnislaus. Vitnið kveður það algjöran tilbúning hjá ákærða, að það hafi svívirt hann í orði, heldur hafi það einungis beðið hann að láta sig í friði.

Vitnið Hans Helgi Stefánsson, Klyfjaseli 3, Reykjavík, veitingamaður á Gauki á Stöng, segir, að umrædda nótt hafi verið komið að lokun veitinga-hússins. Hafi dyravörður farið inn í veitingasalinn til að biðja fólk að fara út og vitnið tekið stöðu hans í dyrunum. Hafi þá stúlka, sem stödd hafi verið í anddyrinu, verið að fara í jakka og rekist óviljandi á ákærða. Hafi ákærði brugðist þannig við, að hann hafi slegið stúlkuna af afli í andlitið, svo að hún hafi þeyst í vegginn. Hafi dyravörðurinn þarna rétt eftir árásina og þeir í sameiningu snúið ákærða niður og róað. Vitnið kveður engin orða-skípti hafa farið milli ákærða og stúlkunnar, áður en ákærði veitti henni höggið. Hafi ákærði verið verulega ölvaður. Stúlkann hafi einnig verið sjáanlega ölvuð, en þó ekki mikið. Vitnið kveður stúlkuna hafa orðið al-blóðuga eftir árásina. Hafi árásin verið ótrúlega ruddaleg og vitninu virst hún algjörlega tilefnislaus.

Samkvæmt vottorði Brynjólfs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgar-spítalans, dagsettu 11. nóvember 1991, kom nefnd Guðrún á slysadeild kl. 1.38 greinda nótt að eigin frumkvæði. Við skoðun kom í ljós, að blæddi úr efri vör, sprunga var innanvert á vörinni, en tennur virtust fastar. Ekki var um nefblæðingu að ræða, en nokkur bólga á nefi. Voru áverkar greini-lega eftir högg samkvæmt vottorði þessu, og voru sárin saumuð saman í deyfingu. Þá kemur fram í vottorðinu, að Guðrún hafi komið aftur 12. sama mánaðar og gróandi þá virst vera góður.

Þá liggur fyrir í málinu ódagsett vottorð Sæbjarnar Guðmundssonar tannlæknis. Segir þar, að Guðrún hafi komið 6. nóvember 1990 til skoðun-ar vegna áverka, sem hún hafi orðið fyrir í andliti. Við munnskoðun hafi komið í ljós, að brú, sem hún hafi verið með á framtannsvæði, hafi orðið fyrir höggi. Við höggið hafi brotnað úr brúnni, og eins voru talin mikil líkindi til, að önnur tannanna, sem halda brúnni, væri brotin. Hafi því reynst nauðsynlegt að taka brúna. Hafi þá komið í ljós, að tönnin (+1) var brotin, en þó ekki svo illa, að draga þyrfti hana út. Hins vegar hafi reynst nauðsynlegt að smíða nýja brú og stækka hana um leið vegna þess áverka, sem tönnin hafi orðið fyrir.

Niðurstaða.

Sannað er með framburði vitnanna Guðrúnar Sigríðar Hauksdóttur og Hans Helga Stefánssonar, læknisvottorðum og framburði ákærða sjálfs, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Í framangreindu vottorði Sæbjarnar Guðmundssonar tannlæknis

kemur fram, að Guðrún Sigríður hafi komið til hans þegar sama dag og árásin varð. Þykir því verða að leggja til grundvallar vottorð tannlæknisins um, að framtönn í Guðrúnu Sigríði hafi brotnað við högg það, sem hún sannanlega hlaut af völdum ákærða greint sinn, og afleiðingar orðið þær, sem í vottorðinu segir. Með vísan til ofanskráðs telst atferli ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á tímabilinu frá 21. september 1981 til 14. apríl 1992 sæst sex sinnum á sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota. Þá var ákærði 19. maí sl. dæmdur til sektargreiðslu og ökuréttindasviptingar vegna ölvunaraksturs.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Við refsíákvörðun verður höfð hliðsjón af því, að árás ákærða á Guðrúnu Sigríði var algerlega tilefnislaus og fólkskuleg og að hann hefur engar skaðabætur greitt henni eða sýnt viðleitni í þá átt. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin varðhald tvo mánuði. Ákærði hefur eigi fyrr gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum, og þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu helmings refsingarinnar og ákveða, að sá hluti hennar skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

— — —
Samkvæmt ofanskráðu ber að dæma ákærða til að greiða Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur samtals 243.140 kr. í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 6. nóvember 1990 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gísli Ágústsson, sæti varðhaldi 60 daga. Fresta skal fullnustu 30 daga refsingarinnar og sá hluti hennar niður falla að liðnum

þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði Guðrúnu Sigríði Hauksdóttur, kt. 120769-3839, Víkurási 2, Reykjavík, 243.140 kr. ásamt vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 6. nóvember 1990 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 kr.
